

Reglur um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólk með langvarandi stuðningsþarfir

Skv. 25 gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er heimilt að veita fötluðu fólk styrki eða fyrirgreiðslu vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir:

1. Styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.
2. Styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.

I. kafli Almenn ákvæði

1. gr. Markmið

Markmið reglnanna er að auðvelda fötluðu fólk að verða sér út um þekkingu og reynslu og til að auka möguleika sína til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Í þeim tilgangi eru veittir styrkir til þess að fatlað fólk geti:

- Sótt sér menntun
- Viðhaldið og aukið við þekkingu og færni
- Nýtt möguleika á aukinni þátttöku í félagslífi og atvinnu

2. gr. Hverjir eiga kost á styrk

Einstaklingur sem býr við fötlun og þarf sérstakan stuðning af þeirri ástæðu til hæfingar, endurhæfingar eða starfsendurhæfingar getur sótt um styrk samkvæmt reglum þessum að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- Eiga lögheimili í sveitarfélaginu
- Vera á aldrinum 18-67 ára
- Hafa staðfesta fötlunargreiningu og metinn með varanlega örorku

- Vera í þörf fyrir sérstakan stuðning til hæfingar, endurhæfingar eða starfsendurhæfingar vegna fötlunar.

Fjölskyldu- og frístundanevnd Hvalfjarðarsveitar hefur heimild til að veita undanþágu frá 2. mgr. vegna sérstakra aðstæðna.

Styrkir koma hvorki í stað starfsendurhæfingarúrræða samkvæmt lögum eða reglum sem gilda á vinnumarkaði né í stað endurhæfingarúrræða sem heilbrigðisþjónustan ber ábyrgð á að veita.

3. gr.

Skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá styrk

Skilyrði fyrir styrkveitingu eru að uppfylltum einu eða fleiri af eftirfarandi atriðum:

- Styrkur vegna starfsemi sem skapar viðkomandi atvinnu (verkfæra- og tækjakaup).
- Að fyrir liggja staðfesting á skráningu í nám eða námskeið áður en styrkur er greiddur út.
- Að líklegt sé að styrkur stuðli að aukinni virkni og þátttöku.
- Að sýnt sé fram á að aðstoðin sé einstaklingsbundin en renni ekki til fyrirtækis.
- Umsækjandi eða talsmaður hans lýsi því yfir að aðrir möguleikar til styrkja hafi verið kannaðir og nýttir t.d. í sjóði stéttarfélaga, lögbundin framlög vegna hjálpartækja og lánshæft nám. Taka skal tillit til takmarkana á möguleikum umsækjanda til að stunda fullt lánshæft nám vegna fötlunar.

II. kafli

Umsóknir og mat

4. gr.

Umsóknarferli og fylgigögn umsóknar

Auglýst er eftir umsóknum um styrki einu sinni á ári á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar. Hægt er að sækja um styrkinn í september ár hvert og fer úthlutun fram í október sama ár. Sótt er um styrk skv. reglum þessum rafrænt í gegnum þjónustugátt Hvalfjarðarsveitar eða á sérstöku eyðublaði í þjónustuveri Hvalfjarðarsveitar. Umsækjandi getur veitt öðrum aðila skriflegt umboð til að sækja um styrk fyrir sína hönd.

Félagsmálastjóri getur einnig gert umsókn í samráði við umsækjanda komi í ljós að þörf sé á stuðningi.

Með umsókn skulu fylgja nauðsynleg gögn til þess að meta umsókn eftir því sem við á:

- Staðfesting á fötlunargreiningu eða örorku
- Greinargerð umsækjanda um tilgang náms eða fyrirhugaða starfsemi og hvernig það gagnast umsækjanda
- Námsvottorð ef umsókn er vegna náms
- Frumrit af kvittun fyrir námskostnaði og/eða námskeiðs- eða skólagjöldum
- Frumrit af kvittun fyrir verkfæra- eða tækjakaupum eða reikningur vegna útlagðs kostnaðar

- Skattframtal og staðgreiðslufirlit.

Þá skal umsækjandi sýna fram á að hann hafi leitað réttar síns til styrkja hjá öðrum aðilum s.s. stéttarfélögum, lögbundinna framlaga vegna hjálpartækja og ef nám er lánshæft skv. lögum og úthlutunarreglum Menntasjóðs Námsmanna.

5. gr.

Samvinna og ráðgjöf

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við persónulegan talsmann hans eða umboðsmann hans ef við á. Persónulegur talsmaður skal leggja fram samkomulag við hinn fatlaða, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður félagsþjónustu Hvalfjarðarsveitar bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um önnur réttindi sem hann kann að eiga. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um styrk skv. reglum þessum.

6. gr.

Úthlutun styrkja

Tekið er tillit til eftirfarandi viðmiða við úthlutun styrkja:

- Heildarfjárhæð til úthlutunar er ákveðin í fjárhagsáætlun hvers árs.
- Úthlutað er einu sinni á ári á grundvelli auglýsinga
- Styrkur til verkfæra- og tækjakaupa er að öllu jöfnu ekki veittur til sama einstaklings oftari en á tveggja ára fresti.
- Veita má árlega styrki til náms ef sýnt er fram á gildi námsins fyrir viðkomandi einstakling og fyrir liggja staðfesting um góða námsástandun og áætluð námslok
- Komi til að skerða þurfi úthlutun vegna fjölda umsókna eða vegna röskunar á forsendum fyrir úthlutun er heimilt að forgangsraða umsóknum eða lækka styrkuppþæð til hvers og eins.

7. gr.

Mat á umsókn um styrk

Uppfylli umsækjandi skilyrði 2. gr. reglna þessa skal leggja mat á umsókn.

Fjölskyldu- og frístundanevndar Hvalfjarðarsveitar annast afgreiðslu umsókna skv. reglum þessum.

III. kafli

Málsmeðferð

Sbr. ákvæði stjórnslulaga nr. 37/1993 og ákvæði VII. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

8. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um hefur borist. Taka skal ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

9. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og siðareglur

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Starfsmenn eru bundnir trúnaði og skulu gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu um persónulega hagi umsækjenda og fara með allar upplýsingar sem þeir fá sem trúnaðarmál. Starfsmenn skulu skrifa undir þagnarheit. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum.

Starfsmönnum er ekki heimilt að taka við gjöfum eða greiðslum frá umsækjendum eða aðstandendum þeirra.

10. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn Hvalfjarðarsveitar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskyldu- og frístundanefndar Hvalfjarðarsveitar. Fjölskyldu- og frístundanefnd hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og notandi fer fram á það með sérstakri beiðni til nefndarinnar innan fjögurra vikna frá því notanda barst vitneskja um ákvörðun. Fjölskyldu- og frístundanefnd skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

11. gr.

Endurkröfur

Styrkir sem veittir eru á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi styrkþega eru alla jafna endurkræfir. Sama gildir ef þeir eru nýttir í annað en umsókn gerði ráð fyrir. Hvalfjarðarsveit áskilur sér rétt til að endurkrefja styrkþega um fjárhæð úthlutaðs styrks skv. almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt séu rangar eða villandi stöðvast meðferð umsóknar og kemur hún þá ekki til afgreiðslu.

12. gr.

Kynning á ákvörðun

Kynna skal niðurstöðu umsóknar fyrir umsækjanda með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða reglna þessara og/eða annarra reglna eða laga, eftir því sem við á. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til frekari rökstuðnings og réttur til að áfrýja afgreiðslunni.

13. gr.

Áfrýjun

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað við afgreiðslu umsóknar skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun starfsmanna félagsþjónustu til fjölskyldu- og frístundaneftndar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Nefndin skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur kært ákvörðun fjölskyldu- og frístundaneftndar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda var tilkynnt um ákvörðun.

14. gr.

Endurupptaka

Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt aðila máls á hann rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný, innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var kynnt, ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum.

15. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar skv. 25. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Reglur þessar voru samþykktar í fjölskyldu- og frístundaneftnd Hvalfjarðarsveitar 13.04.2023. Reglur þessar voru samþykktar í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 26.04.2023 og öðlast þegar gildi.